

AUGLÝSING
**um breytingu á aðalskipulagi Grindavíkur vegna tengivegar,
íbúðarsvæðis og búgarðabyggðar.**

Skipulagsstofnun staðfesti þann 15. september 2015 breytingu á aðalskipulagi Grindavíkur 2010-2030, sem samþykkt var í sveitarstjórn Grindavíkurbæjar 25. ágúst 2015.

Í breytingunni felst að íbúðarsvæði austan Eyjasunds er stækkað til austurs, tengivegi (Eyjasundi) er hliðrað á 200 m kafla til austurs og svæði fyrir búgarðabyggð er minnkað.

Málsmeðferð var samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 15. september 2015.

F.h. forstjóra,

Hafdís Hafliðadóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.

—————
B-deild – Útgáfud.: 28. september 2015